

Nefndarsvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. *p* 138/2593
komudagur 28.5.2010



Reykjavík, 27. maí 2010
EBG/hó

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun á 138. löggjafarþingi,
þskj. 945 – 555. mál
Tilv. 2010050007

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. apríl 2010.

Bændasamtök Íslands gera athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins.

Í 9. gr. er kveðið á um að Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einyrkja (hér eftir Tryggingasjóðurinn) verði lagður niður, þ.e. að 7. og 8. gr laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 falli brott. Í greinargerð með frumvarpinu segir síðan að sömu reglur skuli gilda um rétt sjálfstætt starfandi einyrkja sem eru í dag aðilar að Tryggingasjóðnum, eftir gildistöku þessara breytinga.

Stjórn Bændasamtaka Íslands leggur áherslu á að með þeim breytingum sem nú eru fyrirhugaðar á starfsemi sjóðsins verði ótvírætt kveðið á um að félagsmenn þeirra deilda er að sjóðnum standa muni strax njóta sömu réttinda til atvinnuleysistrygginga frá Atvinnuleysistryggingasjóði og þeir hafa nú úr Tryggingasjóðnum. Þá telja Bændasamtök Íslands nauðsynlegt að bændum verði gert einfaldara en nú er að nálgast réttindi sín og krefjast samtökin þess að úr þessu verði leyst enda margoft búið að leitast eftir að fundin verði á þessu lausn.

Í frumvarpinu er síðan í engu vikið að ráðstöfun þeirra fjármuna sem nú eru í Tryggingasjóðnum. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum úr ársreikningi ársins 2009 er eigið fé sjóðsins u.þ.b. 370 milljónir króna. Handbært fé nemur tæplega 111 milljónum í handbæru fé en innstæða hjá ríkissjóði 268 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingasjóðnum lætur nærri að 64% eigin fjár sjóðsins megi rekja til innborgana frá bændum en afganginn frá hinum tveimur stéttunum sem eiga aðild að Tryggingasjóðnum.

Bændasamtök Íslands telja óskýrt í frumvarpinu hvað muni verða um fjármuni sjóðsins þegar hann sameinast Atvinnuleysistryggingasjóði og það sé óskýlt réttindaflutningi deildanna yfir í Atvinnuleysistryggingasjóð. Bændasamtök Íslands leggja til að þeim verði varið til að styrkja vel skilgreind verkefni á vegum sjóðsins til réttindauppbóta fyrir núverandi rétthafa. Til vara kemur til álita að að fjármunirnir verði settir í Lífeyrissjóð bænda og/eða Sjúkrasjóð Bændasamtaka Íslands sem styður bændur í meiri háttar veikindum.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur